

HAGF2FL05

Búið til: Thu, 15 May 2014 11:14:33 GMT

Titill

Fjármálalæsi

Skammstöfun

HAGF2FL05

Útgáfunúmer

2

Námsgrein

hagfræði

Viðfangsefni

Fjármál og fjármálalæsi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er farið á aðgengilegan hátt yfir helstu hugtök í hagfræði, hvernig þau eru notuð og jafnframt komið inn á sögulegt samhengi hagfræðikenninga. Nemendum er gert kleift að átta sig á virkni hagkerfa og öðlast skilning á þeim hugtökum sem heyrast daglega í þjóðmálaumræðunni. Sem er nauðsynleg forsenda allra ákvarðana um fjárfestingar, stórar eða smáar, að þeir geri sér grein fyrir þeim kröftum sem eru að verki í hagkerfinu og hafa áhrif á efnahag og aðstæður okkar allra Sjálfræði og fjárræði við 18 ára aldur gerir kröfu til aukinnar ábyrgðar ungs fólks á eigin fjármálum. Lögráða einstaklingar þurfa að læra að verða virkir þátttakendur í þjóðfélagi með gagnvirkri samfélagslegri ábyrgð og hafi skilning, öryggi og yfirvegum til að takast á við algeng fjármálatengd viðfangsefni sem þeir þurfa að fást við í samfélaginu. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur taki ábyrgð á því að skipuleggja vinnu sína og læri að nýta sér þau hjálpartæki sem í boði eru.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- útgjöldum sínum til að átta sig á almennri eyðslu
- gildum sínum og mikilvægi markmiðasetningar í fjármálum
- hugtökum sem tengjast fjármálalæsi og hagfræði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- finna leiðir til að öðlast yfirsýn á útgjöldum og tekjum
- setja sér markmið í eigin fjármálum
- nota hugtök sem tengjast fjármálalæsi og hagfræði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja fjármál sín á hagkvæman hátt
- finna hvaða gildi eru mikilvæg og hvernig best er að lifa eftir þeim

- taka þátt í umræðum um málefni tengd efninu

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**